

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 569/1999.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr.:

- a. B-liður orðast svo: Dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum, nema umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfissvipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærri.
- b. Nýr stafliður bætist við, er verður d-liður, og breytist röð eftirfarandi stafliða í samræmi við það, svohljóðandi: Dómi, viðurlagaákvörðun eða lögreglustjórásátt í máli vegna brots á umferðarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim þegar sekt er hærri en 100.000 krónur eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.
- c. E-liður orðast svo: Sektargerð lögreglustjóra eða tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. maí 2007.

Björn Bjarnason.

Gunnar Narfi Gunnarsson.